



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

14. fundur stjórnar 2023-2024 föstudaginn 19. apríl 2024
kl. 12.00 – 14.00 haldinn í Gimli, stofu 301 og á Teams.

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Guðný Björk Eydal, Ragna Benedikta Garðarsdóttir, Ólafur Páll Jónsson, Þóroddur Bjarnason og Zophonías Oddur Jónsson.

Á Teams: Grétar Þór Eyþórsson og Hólmfríður Garðarsdóttir.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð 13. stjórnarfundar frá 22. mars 2024 lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)
2. Kjarasamningar og kröfugerð félagsins. Framhald.
3. Málþing FPR, FH og FHA um stigamatskerfið. Framhald.
4. Aðalfundur FPR. Framhald.
5. Aðalfundur BHM 23. maí 2024. (Fskj. 2a-b)
6. Fundur norrænu háskólafélagana 2024. Framhald. (Fskj. 3a-d)
7. Fæðisfé. Tillaga að nýju fyrirkomulagi varðandi veitingarekstur á svæði HÍ. (Fskj. 4a-b)
8. Næsti stjórnarfundur.
9. Önnur mál.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.10.

1. Fundargerð 13. stjórnarfundar frá 22. mars 2024 lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)
Fundargerðin var samþykkt með breytingum.

2. Kjarasamningar og kröfugerð félagsins. Framhald.

Formaður fór yfir stöðuna í kjaraviðræðum. Erum áfram í samráði með 13 aðildarfélögum BHM og erum jafnframt að vinna að sameiginlegri kröfugerð með FH og FHA. Spurning hvernig framhaldið verður en ljóst er að FPR hefur komið illa út varðandi launaþróun síðustu ára borið saman við BHM í heild.

ÓPJ sagði frá fundi FPR og FH með rektor ásamt fleirum í yfirstjórn HÍ um skýrslu starfshóps um útreikning á tímafjölda að baki námskeiða innan skólans og mögulega samræmingu sbr. fundargerð FPR frá 9. febrúar sl. Fram kom á fundinum að vilji er fyrir því að búa til líkan sem sátt er um. Tillögur liggja fyrir sem FPR og FH hafa áhuga á að fylgja eftir. Málið er hjá háskólaráði og rektor skólans.

3. Málþing FPR, FH og FHA um stigamatskerfið. Framhald.

Málþingið verður miðvikudaginn 8. maí kl. 14-17 í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands og einnig í streymi. Yfirskrift málþingsins er „Málþing FH, FHA og FPR um matskerfi opinberra háskóla“. Dagskrá málþingsins liggur fyrir og er búið að auglýsa það. Félagar fengu tölvupóst og upplýsingar eru málþingið eru á heimasíðunni. Á dagskrá er meðal annars yfirlit um stöðu og sögu matskerfis opinberra háskóla og fjallað um tilgang og markmið þess. Kynntar verða niðurstöður könnunar háskólafélagana um viðhorf

akademísks starfsfólks til vinnumatskerfisins. Einnig verður rýnt í tölfræði og sundurliðun stiga og horft til framtíðar. Í lokin verða vinnustofur og kynning á niðurstöðum þeirra.

Eins og áður hefur komið fram er nauðsynlegt að greina óútskýrðan launamun og fjölda stiga innan HÍ og er búið að kalla eftir gögnum um málið. Félagsvísindastofnun hefur gert greiningar fyrir HÍ um ofangreint og getur gert nánari greiningar fyrir félagið, með samþykki HÍ, gegn greiðslu. Samþykkt var að fá tilboð frá Félagsvísindastofnun í allt að 14 klst. vinnu í verkefnið.

Þá hafa FPR og FH óskað eftir því að fá afhentar skýrslur um kynbundinn launamun starfsfólks HÍ sem unnar hafa verið árlega af Félagsvísindastofnun árin 2019-2023.

4. Aðalfundur FPR. Framhald.

Farið var yfir þau mál sem þarf að afgreiða á aðalfundinum og önnur atriði eins og fundarstjórn og fleira.

Farið var yfir lagabreytingatillögur sem liggja fyrir og hugsanlegar lagabreytingartillögur frá stjórn. Áhugi er fyrir stofnun kjaradeilusjóðs og ef stjórn leggur það til á aðalfundi þarf að hækka félagsgjaldið. Málið verður aftur á dagskrá á næsta fundi. Þá liggur fyrir tillaga til aðalfundar um breytingu á ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora sem send var stjórn þann 16. apríl sl. Tillagan verður tekin fyrir undir liðnum um önnur mál.

Grétar vék af fundi kl 13.57.

Skýrsla stjórnar er í vinnslu og verður send stjórn til skoðunar áður en hún verður send félagsfólki fyrir aðalfund.

5. Aðalfundur BHM 23. maí 2024. (Fskj. 2a-b)

Aðalfundur BHM verður 23. maí nk. Tilnefna þarf aðalfundarfulltrúa félagsins fyrir 25. apríl en FPR getur sent 5 fulltrúa á fundinn. Heimilt er að tilnefna einn varamann fyrir hvern fulltrúa. Ákveðið var að eftirtaldir verða fulltrúar félagsins á fundinum: Sigrún, Hólmfríður, Ragna, Zophonías og Lilja. Guðný verður varamaður.

Nokkrar tillögur verða lagðar fram á aðalfundinum sem fjalla um breytingar á aðildargjöldum aðildarfélagana BHM og lagabreytingatillaga um fjölda fulltrúa á aðalfundi BHM.

6. Fundur norrænu háskólafélagana 2024. Framhald. (Fskj. 3a-d)

Stjórn samþykkti í tölvupósti að greiða fyrir fimm fulltrúa á fundinn. Þrír úr stjórn hafa áhuga á að fara ásamt framkvæmdastjóra. Niðurstaðan er að það verða fjórir fulltrúar félagsins á fundinum.

7. Fæðisfé. Tillaga að nýju fyrirkomulagi varðandi veitingarekstur á svæði HÍ.

(Fskj. 4a-b)

Bréf frá framkvæmdastjóra stjórnsýslu HÍ dags. 2. apríl sl. um tillögu til háskólaráðs um nýtt fyrirkomulag vegna veitingareksturs á svæði HÍ var til umræðu. Lagt er til að frá 1. ágúst nk. verði hætt að greiða fæðisfé til starfsfólks með starfsaðstöðu á höfuðborgarsvæðinu. Í staðinn verði fjármagnið nýtt til að greiða niður verð á veitingum starfsfólks með aðalstarf við HÍ. Ákveðið var að fá fund með bréfitara um málið.

8. Næsti stjórnarfundur.

Næsti fundur verður á Teams 22 apríl kl. 12-12.50.

9. Önnur mál.

Það voru engin önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14.10.

Fundarritari: LP.

